

Gjafir og gjafaaðstaða

Eitt af því mikilvægasta í rekstri hvers bús er að nýta allt fóður sem best hvort sem er fyrir mjólkurkúr eða gripi í uppeldi og í mörgum tilfellum einnig fyrir annan búpening. Gildir þá einu hvort um er að ræða heimaþengið fóður eða aðkeypt. Hér á landi er aðkeypt fóður á kúabúum fyrst og fremst kjarnfóður og eru kjarnfóðurkaup oft á tíðum býsna stór kostnaðarliður í rekstri búsinna. Því er mikilvægt að vanda valið á kjarnfóðurtegund til þess að fjárfestingin skili sem mestu til baka með meiri og betri mjólk m.a. með tilliti til verðefna mjólkurinnar. Til þess að ná sem mestum árangri í þessum efnum skiptir gróffóðrið þó oft mestu máli og mikilvægt er að nýta það sem best.

Gjafir

Lystugleiki gróffóðurs og át kúnna ræðst fyrst og fremst af verkun heysins, grastegund, sláttutíma og vinnubrögðum við heyskap en einnig af aðstæðum til gjafa og verklagi við þær. Þar sem gjafaaðstaða er þannig að allar kúr geta étið í einu, t.d. í básafjósum er betra að gefa oftast og minna í einu til að tryggja að alltaf sé ferskt fóður til staðar. Ekki er gott að sama heyið liggja lengur en hálfan sólarhring fyrir kúm í básafjósum. Mikilvægt er að hreinsa moð og afgangsfóður af fóðurgangi reglulega svo það mengi ekki það fóður sem gefið er næst. Ef um gott gróffóður er að ræða er hæfilegt að leifar séu um 5 – 10 % þegar gefa á næst. Séu leifarnar meiri þýðir það þó ekki að bíða eigi eftir að kúrnar éti heyið betur. Góð regla er að hreinsa fóðurganga a.m.k. tvisvar sinnum á dag í básafjósum. Eins er rétt að huga að því að hreinsa fóðurganga vel annað slagið en oft vill til dæmis safnast fyrir skán í kverkina við jötukantinn sem getur varla talist lystaukandi.

Tíðar gjafir kalla óhjákvæmilega á talsverða vinnu. Mikilvægt er því að leita leiða til að þess að auðvelda vinnu við gjafir og einfalda eins og kostur er án þess að það komi niður á fóðrun gripanna. Einfalt verkfæri eins og til dæmis hjólakvísl getur létt verkin umtalsvert. Rúlluskeri framan á traktor eða rafknúnir afrúllarar geta valdið byltingu og ef mögulegt er að koma liðléttingi við getur slíkt tæki gert kraftaverk! – að minnsta kosti fyrir skrokkinn á þeim sem sér um gjafirnar. Eins má nefna taliur til að færa til rúllur innan dyra, færibönd, heilfóðurblandara og sjálfvirka gjafavagna. Einfaldar og ódýrar lausnir geta oft skilað miklum vinnusparnaði án þess að kosta mjög mikið og oft má bæta þá aðstöðu sem fyrir er. Því er um að gera að láta reyna á hugmyndaflugið – eða bara kíkja við hjá nágrannanum og sjá hvernig hann fer að.

Í mörgum lausgöngufjósum er gefið á stuttan fóðurgang þar sem aðeins hluti kúnna kemst að. Við þær aðstæður er augljóslega afar mikilvægt að hafa alltaf nægt fóður til staðar og á það ekki að vera keppikefli manna að láta kúrnar hreinsa allt upp. Þar sem að gjöfum er þannig háttað að pláss við fóðrunaraðstöðu er takmarkað eru það oftast en ekki sömu kúrnar sem að komast síðastar að heyinu ef að ekki er alltaf stöðugt framboð. Virðingarröðin hjá

kúnum er oftast en ekki þannig að kvígurnar lúta í lægra haldi fyrir eldri kúnum og ef að það kostar þær takmarkaðan aðgang að fóðrinu getur það hæglega komið niður á afurðum. Ef að þrengsli eru í kringum fóðurganginn getur það hindrað enn frekar þær kýr sem eru lágt settar í að koma sér að heyinu þar sem þær vilja forðast árekstra við hærra settar kýr. Einnig er mikilvægt að gólf við fóðrunaraðstöðuna sem og annars staðar séu ekki hál því hál gólf gera kýrnar óruggar með sig og geta skapað slysaheitu.

Eðlilegt er að kýr éti 7 - 12 sinnum á dag í allt að 45 mínútur í senn og að ekki líði meira en 3 klst á milli. Til að fylgjast með því hvort allar kýrnar fái nóg hey má skoða hvort það myndast svangi á einhverjum kúm. Svangi er það kallað þegar nokkurs konar þríhyrningsform myndast hægra megin á kúnni, sem afmarkast af öftustu rifbeinum, þverþornum og mjaðmarhorninu. Svangi gefur sterka vísbendingu um að vambarfylli sé lítil. Oft er líka talað um „viðvörunarþríhyrning“.



Þó að rúllur eða bitar úr heystæðum séu til staðar á stuttum fóðurgöngum er ekki endilega þar með sagt að kýrnar nái alltaf í heyið. Til stórra bóta er að hafa fóðurgrindur sem að ýtast að heyinu hvort sem um er að ræða vélrænan búnað eður ei. Mikilvægt er að fara reglulega og sjá til þess að kýrnar nái alltaf í nóg hey. Það á raunar við hvort sem um er að ræða stuttan fóðurgang eða fóðurgang þar sem að allar kýrnar komast að í einu. Nauðsynlegt getur verið að ýta heyinu að kúnum hvort sem þess þarf vegna þess að þeim er ætlað að éta heilar rúllur eða vegna þess að þær hafa kastað eða ýtt heyinu frá sér.

Saxað hey

Reynsla manna sýnir að saxað hey hefur jákvæð áhrif á át og verkun gróffóðurs þar sem heyið þjappast betur og súrefni á þá ekki eins greiðan aðgang. Auk þess þurfa kýrnar að hafa minna fyrir því að éta heyið ef það er skorið fyrir þær og éta þær þá gjarnan meira. Mikilvægt er að heyið sé ekki smærra skorið en í 4 – 5 cm svo jórtrun og melting kúnna haldist eðlileg. Kýrnar slæða líka minna ef að heyið er saxað og ná kýr sem að hafa lagt stund á þá íþrótt að kasta heyi minni sveiflu í kastið og kasta því minna heyi og styttra sé það saxað. Hafi menn þess kost að framleiða saxað hey í kýrnar er skynsamlegt að nýta þann möguleika, sérstaklega í fyrri slætti ef að heyið er ekki mikið þurrkað. Helsti ókosturinn við saxað hey er að erfitt er að bera það í fanginu en það ætti hvort sem er að forðast í lengstu lög nema rétt til líkamsræktar.

Umhverfi

Loftgæði og lýsing við fóðurganga sem og í fjósinu öllu geta haft áhrif á át. Í lausgöngufjósum er nauðsynlegt að hafa ratljós þegar annarrar birtu nýtur ekki við og í öllum fjósum ætti að vera lýsing í 14 – 16 tíma á dag. Frá náttúrunnar hendi eru kýrnar virkastar á daginn og var þeim ætlað að nýta dagsbirtuna sem best til að næra sig en halda kyrru fyrir í næturmyrkrinu. Með því að hafa góða lýsingu í fjósinu í um 16 tíma á dag og væga næturlýsingu yfir nóttina er séð til þess að lýsing sé ekki takmarkandi þáttur fyrir át og mjólkurframleiðslu kúnna. Það hefur sýnt sig að stuttir dagar og ónóg lýsing hafa neikvæð áhrif á nyt og frjósemi kúa. Sama má segja um léleg loftgæði því ef þungt loft er í fjósinu eða sterk lyktarmengun dregur það úr áti kúnna.

Í lokin

Að mörgu er að huga við umhirðu mjólkurkúa, ekki síður en annara skepna. Mikilvægast af öllu er þó að tryggja að kýrnar hafa nægt fóður, vatn og góðan hvíldarstað/bás og að þú, bóndi góður, sért ávallt vakandi fyrir því sem betur mætti fara. Mundu líka að betur sjá augu en auga og oft getur verið gott að ráðfæra sig við aðra bændur eða aðra úrræðagóða. Til viðtals eru líka alltaf ráðunautar RML um allt sem tengist búskap.

Hjalti Sigurðsson
Nautgriparæktarráðunautur hjá RML
hjalti@rml.is